



## Valsárskóli óskar eftir kennurum til starfa frá 1. ágúst 2025

**100% staða grunnskóla-/umsjónarkennara** sem annast almenna kennslu og hefur umsjón með námshóp á yngsta stigi. Staðan er til eins árs.

**100% staða kennara** sem annast mynd- og textílmennt auk annarar kennslu.

### HELSTU VERKEFNI

- Stuðlar að velferð og árangri nemenda í samstarfi við foreldra og fagaðila
- Vinnur samkvæmt stefnu skólans
- Vinnur að þróun skólastarfs í samstarfi við stjórnendur og samstarfsfólk
- Önnur verkefni skv. starfslýsingu ásamt verkefnum sem skólastjóri felur starfsmanni

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Leyfisbréf til kennslu (leyfisbréf fylgi umsókn)
- Umsjónarkennari þarf að hafa haldgóð þekking á kennslufræði og leikni í fjölbreyttum kennsluháttum eins og Byrjendalæsi
- Listgreinakennari þarf að hafa haldgóða þekkingu á kennslufræði listgreina og menntun í list- og/eða textílmennt
- Áhugi á að starfa með börnum og ungmennum
- Lipurð í samskiptum, sveigjanleiki, samstarfshæfni og jákvæðni til að starfa í metnaðarfullu umhverfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Stundvísi og samviskusemi
- Góð íslenskukunnátta

Valsárskóli er fámennur skóli á Svalbarðseyri, í 12 km fjarlægð frá Akureyri. Einkunnarorð skólanna eru umhyggja, virðing, metnaður og gleði. Nánari upplýsingar um Valsárskóla er hægt að sjá á <https://skolar.svalbardsstrond.is> og við hvetjum umsækjendur til að kynna sér starf skólans nánar þar. Vakin er athygli á jafnréttis-stefnu Svalbarðsstrandarhrepps um jafnan hlut kynja í störfum. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl 2024.** Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda. Umsókn skal skila á netfangið [maria@svalbardsstrond.is](mailto:maria@svalbardsstrond.is). Nánari upplýsingar veitir María Aðalsteinsdóttir skólastjóri: 464 5510, 864 0031 og í tölvupósti.

Svalbarðsstrandarhreppur áskilur sér rétt til að hafna öllum umsækjendum. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.